

**89. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
2. október 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Ragnar B. Sæmundsson varaformaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Hjördís Grímarsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Kolbrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, Verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1806088 - Ársskýrsla sérfræðiþjónustu skóla- og frístundasviðs 2017-2018**

Yfirlit yfir sérfræðiþjónustu Akraneskaupstaðar.

*Guðlaug Ásmundsdóttir sálfræðingur, Kristjana Kristinsdóttir sálfræðingur og Bergros Ólafsdóttir talmeinafræðingur sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundráð þakkar góða samantekt á ársskýrslu sérfræðiþjónustunnar. Lagt er til að sérfræðiteymið leggi fram útfærðar hugmyndir sínar um fræðslu Akraneskaupstaðar og kostnaðarmeti þær sem rúmast ekki innan fjárhagsáætlunar.*

**2. 1809189 - Brekkubæjarskóli og Grundaskóli þróunarverkefni/þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs**

Kynning á niðurstöðum verkefnins "Að fanga fjölbreytileikann" sem fékk styrk úr þróunarsjóði skóla- og frístundasviðs árið 2016.

*Ásta Egilsdóttir kennari í Grundaskóla og Guðrún Guðbjarnardóttir kennari í Brekkubæjarskóla kynntu niðurstöður verkefnisins.*

*Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjórnenda grunnskólanna, Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjórnenda, Hjördís Dögg Grímarsdóttir fulltrúi kennara í Grundaskóla og Kolbrún Sigurðardóttir fulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla sitja fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar afar góða skýrslu um þróunarverkefnið og hvetur til þess að haldið verði áfram að þróa hugmyndafræði og vinnubrögð í anda verkefnisins. Jafnframt leggur ráðið áherslu á mikilvægi þess að fulltrúar verkefnisins miðli afrakstri verkefnisins til skólasamfélagsins á Akranesi og víðar.*

**3. 1808057 - Framtíðarpörf á leikskólaplássum á Akranesi**

Ályktun starfshóp um framtíðarpörf á leikskólaplássum á Akranesi.

*Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra situr fundinn undir þessum lið.*

BO  
SMB

*Skóla- og frístundaráð vísar til sviðsstjóra frekari úrvinnslu á ályktun starfshópsins, í samráði við sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs. Tillaga liggja fyrir á síðari fundi ráðsins í október.*

**4. 1809174 - Málsmeðferðarreglur vegna styrkumsókna**

Endurskoðun á málsmeðferðarreglum vegna styrkumsókna á sviði menningar- og íþróttamála.

*Skóla- og frístundaráð leggur til að breyting á reglum verði samþykktar. Lagt er til að unnið verði að endurskoðun fyrir úthlutun árið 2020.*

**5. 1809204 - Námsvist utan lögheimilssveitarfélags**

Trúnaðarmál til kynningar.

*Trúnaðarmál til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:20.**

Bane Daðadóttir  
Sandra Margrét Sígurjónsdóttir  
Ragna Sam